

45. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 6. mars 2007

Haldinn kl. 21-22:30 heima hjá Helgu Tuliníus í Drápuhlíðinni.

Mættar: Helga, María, Ragna, Hildur og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar 6. febr. sl. samþykkt.

Aðalfundardagskrá skv. lögum – efni og útsending

Aðalfundur Alnæmisbarna verður haldinn fimmtudaginn 15. mars kl. 16:30 – 18:30 í Orkugarði, ÍSOR, á Grensásvegi 9. Hjalti Fransson hefur samþykkt að vera fundarstjóri. Kannað verður hvort Guðlaugur Þór Pálsson sé til í að vera ritari. María ætlar að tilkynna félagsmönnum Alnæmisbarna um aðalfundinn með netpósti en senda hinum venjulegt bréf. Hildur ætlar að hafa samband við þá sem hún þekkir. Hildur ætlar jafnframt að senda fréttatilkynningu og jafnvel mynd frá CLF í Blaðið og Ragna sendir á aðra fjölmiðla. Helga ætlar að tala við Sögu Dögg í Krónikunni. Kanna á hvort hægt sé að setja auglýsingar um aðalfundinn á heimasíður samtaka og fyrirtækja eins og ÍSOR og UNIFEM. Ragna ætlar að kanna hvort Orkugarður sé til í að splæsa kaffi og kexi.

Ákveðið að búa til skjöl til félaga og fyrirtækja sem hafa styrkt Alnæmisbörn á starfsárinu og afhenda á aðalfundinum. Þetta eru t.d. UNIFEM, ÍSOR, Zontaklúbburinn Embla, Soroptimistafélag Hafnarfjarðar og Garðabæjar, Orkuveita Reykjavíkur, Samorka og kertagerðin Vaxandi. Óskað verður eftir að fulltrúar þessarra félaga og fyrirtækja komi á aðalfundinn til þess að taka við skjölunum.

Pálína Björk Matthíasdóttir, viðskiptafræðingur, er búin að samþykkja titil erindi síns sem er Smálánasjóðir í þróunarríkjunum – reynsla Grameen bankans í Bangladesh. Aðalfundur verður haldin að erindi hennar loknu. Gert verður smá kaffihlé á milli. Í lokin ætla þeir Gunnlaugur Einarsson og Bjarni Reykr Kristjánsson að kynna nýja heimasíðu Alnæmisbarna. Kerti verða til sölu á fundinum.

Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar var yfirfarin og gerðar á henni smá lagfæringar.

Reikningar – verða ekki tilbúnir fyrr en í byrjun næstu viku

Ákveðið að hittast þriðjudaginn 13. mars kl. 11:45, í andyrinu á Orkugarði, til þess að yfirfara reikningana fyrir aðalfundinn. Þá verða endurskoðendurnir þær Halldóra Karlsdóttir og Guðrún Aðalsteinsdóttir búnar að fara yfir reikningana.

Stjórnarkjör

Guðlaugur Þór Pálsson hefur óskað eftir því að fara úr stjórn. Haft var samband við Ingibjörgu Guðlaugsdóttur og var hún til í að gefa kost á sér í stjórn Alnæmisbarna.

Önnur mál

Mikil umræða var um tengsl okkar við CLF og hvernig best væri að tryggja að fjárveitingar okkar nýtist á sem réttastan hátt á þessu ári. Mælt með því að búa til ákveðinn ramma sem CLF gæti notað við starfsemi sína. Hann ætti að geta tryggt ákveðið verklag sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Þennan ramma þyrfti að gera sem fyrst til þess að auðvelda eftirfylgni okkar. Umsögn Rosette, yfirsýn yfir reikninga og fundargerðir CLF gætu komið að góðum notum. Sá rammi sem settur yrði upp gæti einnig gagnast Rosette vel, verið góður undirbúningur áður en hún tekur alfarið við starfsemi CLF í byrjun næsta árs. Þá mun hún reyna að fjármagna starfsemina sjálf með styrkjum og kertasölu.

Á næsta ári verður eitt af okkar meginverkefnum að styrkja stúlkurnar til náms. Við teljum í því samhengi mikilvægt að geta fylgst með framgöngu stelpnanna í skólanum t.d. með því að sjá einkunnir þeirra.

Tilvist lánasjóðins kemur einnig til með að skipa stóran sess í starfi okkar á næsta ári. Búið er að stofna reikninginn en móta þarf betur hvernig fyrirkomulag hans og eftirfylgni ættu að vera. Leggja þarf áherslu á að stefna okkar og CLF verði sem líkust til þess að tryggja að sjóðurinn nýtist á réttan hátt. CLF kemur síðan til með að sjá um sjóðinn í framtíðinni með þær Rosette og Catarinu í forsvari fyrir honum. Lánastarfsemin á síðan að geta staðið undir sér sjálf.

Hittumst næst þriðjudaginn 13. mars í andyri Orkugarðs til þess að yfirfara reikningana.

Síðan sjáumst við á aðalfundi félagsins Alnæmisbarna fimmtudaginn 15. mars kl. 16:30 – 18:30 á sama stað.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar